

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
b.t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavíkflugvelli, 21. apríl 2017

Efni: Fjármálaáætlun 2018 til 2022 og skattahækkunir á ferðaþjónustuna

Icelandair ehf. tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Icelandair Group hf. vegna fjármálaáætlunar 2018 til 2022 og mótmælir áformum um skattahækkunir harðlega. Félagið vill jafnframt koma að frekari athugasemdum vegna áhrifa boðaðra skattahækkana á starfsemi þess.

Fyrirhugaðar skattahækkunir munu ekki hafa áhrif á verð á millilandaflugi. Engu að síður snerta þær hagsmuni Icelandair, enda kemur enginn hingað til lands án þess að nýta sér þjónustu á borð við gistingu og afþreyingu auk íslenskrar náttúru, menningar o.fl. Eftirspurn eftir flugi til Íslands helst því í hendur við þessa markaði og þess vegna hefur Icelandair mikla hagsmuni af því að vel sé haldið á málum þegar ferðaþjónustan er annars vegar og að samkeppnishæfni hennar sé ekki ógnað.

Skattahækkunir munu vinna gegn markmiðum um ferðaþjónustu allt árið um kring

Icelandair vill benda sérstaklega á að undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að því að draga úr árstíðabundnum sveiflum í ferðaþjónustu hér á landi. Markaðsstarf Icelandair erlendis hefur einkum miðað að því að dreifa ferðamönnum um allt land og utan háannatíma. Félagið hefur á undanförunum árum varið milljörðum króna í þetta markaðsstarf. Markaður með vetrarferðir og ferðir út á landsbyggðina er enn ungur og mun viðkvæmari heldur en aðrir markaðir, eins og til að mynda markaður með ferðir í og við höfuðborgina á háannatíma.

Ljóst er að boðaðar skattahækkunir munu hafa áhrif til hækkunar á verði hjá mörgum ferðaþjónustufyrirtækjum, sérstaklega á lengri ferðir á landsbyggðinni þar sem hlutfall gisti-, afþreyingar-, og ferðakostnaðar innanlands er hærri en ella. Icelandair telur að boðaðar skattahækkunir muni fyrst og fremst draga úr eftirspurn eftir ferðum á verðviðkvæmari árstímum, þ.e. yfir veturinn og verðviðkvæmari áfangastöðum, þ.e. áfangastaði á landsbyggðinni.

Mun draga úr skynsamlegri nýtingu innviða en ekki leysa álagsvandamál

Í þessu sambandi er rétt að benda á að álag á innviði hlýst einkum af því að mikill fjöldi ferðamanna sækir landið heim yfir afmarkað tímabil á sumrin. Álag á innviði er miklum mun minna eða hverfandi vegna ferðamanna á veturna og þá eru ýmsir ferðamannastaðir, sérstaklega á landsbyggðinni, sem hafa umtalsvert ónotað nýtingarþol.

Það er því ósennilegt að takist að ná markmiði um að draga úr álagi á innviði með skattahækkunum, enda munu skattahækkningar fyrst og fremst fækka ferðamönnum á lágannatímabilum og utan höfuðborgarsvæðisins þar sem álag á innviði er síður vandamál. Þetta má einnig orða sem svo að neikvæð jaðaráhrif á innviði, sem eru langmest á háannatíma, munu sennilega ekki breytast mikið þrátt fyrir skattahækkningar. Aftur á móti mun notkun innviða þegar þeir þola það vel, utan háannatíma, líklega dragast saman. Icelandair telur þar af leiðandi að áformin muni vinna gegn skynsamlegri notkun innviða.

Neikvæð áhrif á framleiðni fjármagns og byggðafestu

Icelandair bendir á að miklu fé hefur verið varið til markaðssetningar og fjárfestinga sem munu eingöngu standa undir sér ef ekki kemur bakslag í heilsársferðamennsku á Íslandi. Mörg fyrirtæki í ferðaþjónustu utan höfuðborgarsvæðisins eiga allt sitt undir því að ekki verði samdráttur í aðsókn utan háannatíma.

Það er því ástæða til að lýsa yfir þungum áhyggjum af því að skattahækkningar á ferðaþjónustuna muni draga úr nýtingu á fjárfestingu ferðaþjónustuaðila og þar með draga úr framleiðni fjármagns, sérstaklega á landsbyggðinni. Augljóslega mun áhugi á fjárfestingum í ferðaþjónustu utan höfuðborgarsvæðisins í heilsársferðamennsku því verða minni en ella.

Icelandair telur því ástæðu til að hafa sérstakar áhyggjur af því að skattahækkningar muni draga úr byggðafestu og frekari uppbyggingu á stöðum þar sem vetrarferðamennska hefur verið að sækja í sig veðrið.

Dragi úr áhuga á Stopover-ferðum

Icelandair hefur á undanförunum árum tekist, með góðum árangri, að fá hingað til lands svokallaða Stopover-farþega. Það eru farþegar Icelandair sem eru á leið yfir Atlantshafið en stendur til boða að verja hluta af friinu á Íslandi í heila viku, án hækkunar á fargjaldi.

Í ljósi þess að fyrirhugaðar skattahækkningar munu hafa áhrif til hækkunar á gistingu og afþreyingu telur Icelandair sennilegt að færri farþegar vilji nýta sér þessa þjónustu, en þeir muni þess í stað lengja ferð sína á lokaáfangastað sínum, hvort heldur sem er í Norður-Ameríku eða Evrópu.

Með vísan til þessa og að teknu tilliti til þess að skattahækkanirnar hafi ekki bein áhrif á verð á millilandaflugi eru þær því líklegar til að veikja samkeppnisstöðu félagsins, enda eru Stopover ferðir eitt af því sem aðgreinir Icelandair frá erlendum keppinautum sínum. Icelandair telur því að auk þess að hafa neikvæð áhrif á markað með farþega til Íslands muni skattahækkanirnar einnig hafa neikvæð áhrif á svokallaðan VIA-markað með farþega yfir Atlantshafið, sem er félaginu afar mikilvægur.

Að þessu virtu og með hliðsjón af því sem hefur komið fram í umsögn Icelandair Group telur Icelandair að fallið skuli frá áformum um skattahækkningar á ferðaþjónustuna. Icelandair óskar

jafnframt eftir því að fá að koma að máli við fjárlaganefnd við meðferð málsins til þess að tíunda sjónarmið sín frekar.

Virðingarfyllt,
F.h. Icelandair ehf.

Birkir Hólm Guðnason
framkvæmdastjóri